

M-108/2011. Álit 13. mars 2012.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 13. mars 2012 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-108/2011.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 16. nóvember 2011 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notuðum bíl af dóttur Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi segir bílinn hafa verið gallaðan og krefst riftunar, en til vara að seljanda verði gert að standa straum af viðgerðarkostnaði.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. hinn 21. nóvember 2011 var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni 30. nóvember 2011. Hinn 2. desember voru álitsbeiðanda send andsvörin til upplýsinga og bent á heimild hans til að hafa uppi athugasemdir vegna andsvaranna. Hann nýtti sér þá heimild og skilaði athugasemdum sínum 7. desember 2011. Seljandi fékk athugasemdir álitsbeiðanda sendar til upplýsinga þann 30. desember og var einnig gefinn kostur á að koma sínum athugasemdum á framfæri við nefndina ef einhverjar væru. Seljandi nýtti sér þá heimild og skilaði gögnum til nefndarinnar hinn 4. janúar 2012. Álitsbeiðandi fékk gögnin send þann 9. janúar 2012 og bent á heimild hans til að hafa uppi enn frekari athugasemdir. Álitsbeiðandi skilaði síðustu athugasemdum sínum hinn 17. janúar 2012.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi keypti bifreið af tegundinni Toyota Avensis, árgerð 2001, ekinn 115.000 km, af seljanda hinn 25. júlí 2011 fyrir kr. 690.000. Að sögn álitsbeiðanda var það innan við sólarhring eftir kaupin að vélarljós fór að loga í mælaborði bílsins. Fór álitsbeiðandi þá með bílinn á verkstæði þar sem í ljós kom í tölvu að um bilun í sjálfskiptingu var að ræða og að bilunin hafi verið í minni tölvunnar. Álitsbeiðandi segir að í samráði við verkstæðið hafi verið brugðið á það ráð að slökkva vélarljósið og athuga hvort það myndi koma fram aftur. Ekki hafi verið gerður reikningur fyrir þessa þjónustu og af þeirri ástæðu sé verkstæðisheimsóknin ekki skráð í kerfi verkstæðisins. Álitsbeiðandi kveður að það hafi fyrst verið 17. ágúst sem verkstæðisheimsókn hafi verið skráð. Þá hafi kóðinn xxxxx verið til staðar, og hann hafi verið „á solinoid“. Kóðinn hafi verið hreinsaður út og billinn prófaður í þaula, án þess að hann kæmi fram aftur.

Stuttu síðar kom vélarljósið fram að nýju og fór bíllinn þá aftur á verkstæði Z. Var ákveðið að taka ventlahúsið undan skiptingu og hreinsa það, enda hefur það reynst algengasta ástæðan fyrir vandræðum af þessum toga. Í kjölfarið var bíllinn prufukeyrður og virtist allt með eðlilegu móti. Hins vegar kom álitsbeiðandi skömmu síðar enn á ný á verkstæðið með logandi vélarljós í mælaborðinu. Segja verkstæðismenn að nánast sé öruggt að leki innbyrðis í skiptingunni orsaki það að hún er of lengi að taka gírinn undir einhverjum aðstæðum og það sé ástæðan fyrir kóðanum.

Álitsbeiðandi segir að krafa um riftun kaupsamnings sé óumflýjanleg þar sem seljandi hafi neitað að greiða viðgerðarkostnað. Hins vegar segist álitsbeiðandi setta sig við úrbætur ef seljanda snúist hugur um þátttöku í viðgerðarkostnaði.

IV

Andsvör seljanda

Seljandi segir í andsvörum sínum að málið liggi fyrir með eftirfarandi hætti:

„Undirbúningur fyrir sölu:

- 8. júlí 2011 – Gert við bílinn og bílnum komið í skoðunarhæft ástand. Bilanaljós fyrir vél logar ekki.
- 13. júlí 2011 – Bíllinn skoðaður og settur á númer. Bilanaljós fyrir vél logar ekki,

Söluferlið:

- 25. júlí 2011 – Kaupandi lætur B framkvæma söluskoðun á bílnum. Viðgerðarkostnaður metinn á 210.000,- Bilanaljós fyrir vél logar ekki.
- 25. júlí 2011 – Bíllinn seldur fyrir 690.000,-

Eftirmálar:

- 17. ágúst 2011 – Véraljós fyrir vél kviknar og bilanagreining framkvæmd hjá Z @ km 116.489. Bilanakóði xxxxx var skráður fyrir „current“ bilun og að þessi kóði hefði komið fram áður. (t.d. fyrir um daginn).
- 30. ágúst 2011 – Viðgerð hjá Z @ km 117.119,- fyrir ca. 40.000,-
- 16. september 2011 – Bilanagreining hjá Z, kóði xxxxx ennþá til staðar.

Samantekt þessi var staðfest af bílasala, A 3.10.2011

Niðurstaða mín:

Áhættan af bílnum fluttist yfir á kaupanda 25. júlí 2011 og verður ekki séð að bilun í 10 ára gömlum bíl sem kemur upp 17. ágúst sama ár sé rekjanleg til seljanda. Ekki er um að ræða leyndan galla, þar sem bilunin var ekki til staðar þegar bíllinn var seldur. Óski kaupandi eftir sem áður eftir kostnaðarþátttöku í viðgerð óska ég eftir greinargóðum rökum fyrir því.“

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Álitsbeiðandi gerir athugasemdir við framburð seljanda um að það sé umdeilt hvenær á tímabilinu 26.07.11 – 11.08.2011 bíllinn hafi bilað. Seljandi segi í gögnum málsins að það sé

staðfest að bíllinn hafi bilað 11. ágúst 2011 sem álitsbeiðandi skilur ekki hvernig seljandi fær út og furðar sig á málflutningnum. Svo segir álitsbeiðandi áfram:

„Ég fór með bíllinn í tölvulestur á Z þriðjudaginn 26. júlí 2011 og kom í ljós kóði xxxxx sem var í minni bílsins og getur starfsfólk Z staðfest það. Slökkt var á vélarljósinu í von um að það kæmi ekki aftur en eins og áður hefur komið fram þá kviknaði ljósið aftur og þurfti að slökkva það nokkrum sinnum þar til tími fékkst á verkstæði þann 17.08.2011 og var þá fyrsti reikingur gerður. Y segir einnig að það sé staðfest að bíllinn hafi verið í lagi þegar hann var seldur. Það er ekkert sem bendir til þess að bíllinn hafi verið í lagi þegar ég kaupði hann heldur þvert á móti þar sem bilunin kemur fram innan við sólarhring frá kaupunum og kóðinn er í minni tölvunnar í bílnum sem segir okkur að bilunin hafi verið til staðar. Um leyndan galla er að ræða og er þá ábyrgð seljanda augljós í þessu máli.

VI

Frekari athugasemdir seljanda

Seljandi lagði fram fleiri gögn í málið, einkum tölvupóstsamskipti við bílasalann þegar samskipti vegna ágreiningsins voru sem mest. Kærunefndin telur ekki þörf á að reifa þessi samskipti sérstaklega en mun að sjálfsögðu líta til allra gagna við álitsgerðina.

VII

Frekari athugasemdir álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi hefur uppi athugasemdir við orð seljanda um að málið hafi fyrst komið á borð hans 21. september 2011. Álitsbeiðandi segist strax hafa haft samband við A bílasala þegar hann komst að því hvað var að bílnum. Það sjáist í tölvupóstsamskiptunum að fyrsti tölvupósturinn til seljanda er dagsettur 16. september. Segir álitsbeiðandi að eftir því sem hann best viti hafi A ítrekað reynt að ná sambandi við seljanda í síma en ekki haft árangur sem erfiði. Að lokum náðist þó samband og þá hafi þeir fært samskipti sín yfir í tölvupóstform.

VIII

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur málsaðila fellur undir lög um lausafjárkaup nr. 50/2000 (lkpl), sbr. 1. mgr. 1. gr. þeirra laga.

Í a-lið 2. mgr. 17. gr. lkpl. segir að ef annað leiði ekki af samningi skuli söluhlutur henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til. Í 4. mgr. 17. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 1. og 2. mgr. ákvæðisins. Í 1. mgr. 21. gr. kemur fram að við mat á því hvort söluhlutur sé gallaður skuli miðað við það tímamark þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til kaupanda, jafnvel þótt gallinn hafi ekki komið fram fyrr en síðar. Loks segir í 1. mgr. 13. gr. að áhættan flyst yfir til kaupanda þegar söluhlutur hefur verið afhentur í samræmi við ákvæði samnings eða í samræmi við ákvæði 6. eða 7. gr.

Meðal gagna málsins er skriflegur kaupsamningur aðila frá 25. júní 2011. Þar er sá fyrirvari gerður að ökutæki seljist „í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sættir sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum“. Í 1. mgr. 19. gr. lkpl. segir að þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara geti hann verið gallaður undir ákveðnum kringumstæðum. Til að um galla sé að ræða í skilningi ákvæðisins þurfa skilyrði a, b eða c-liðar 1. mgr. 19. gr. að vera fyrir hendi. Skilyrðin í staflíðunum eru svohljóðandi:

- a) hluturinn svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann, eiginleika hans eða not og ætla má að þessi atriði hafi haft áhrif á það að kaup gerðust;
- b) seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi hlutinn eða not hans og seljandi hlaut að þekkja til og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin eða
- c) ástand söluhlutar er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ekkert bendi til þess að bifreiðin svaraði ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hafði gefið um hana, sbr. a-lið 1. mgr. 19. gr. lkpl. Verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Telur nefndin jafnframt vandséð að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina, sbr. b-lið 1. mgr. 19. gr. lkpl. Í því sambandi ber einkum að líta til þess að alls óvíst er að seljandi hafi haft vitneskju um bilunina, ef hún á annað borð var til staðar, þegar kaupsamningur var undirritaður. Verður því vart álitid sem svo að vanræksla hafi átt sér stað í þessu tilliti og því ekki um galla að ræða í skilningi b-liðar 1. mgr. 19. gr. lkpl.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið til muna verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvika að öðru leyti, sbr. c-liður 1. mgr. 19. gr. lkpl. Í málinu liggur fyrir að skömmu eftir kaup kviknar ljós í mælaborði bifreiðarinnar sem bendir til bilunar í sjálfskiptingu. Ágreiningur aðila lítur að því hvort bilunin hafi verið til staðar í bifreiðinni þegar kaupsamningur var undirritaður.

Fyrir liggur í málinu að fyrir kaupin var framkvæmd söluskoðun á bílnum hjá B. Í því ljósi telur kærufndin að álitsbeiðandi hafi fullnægt rannsóknarskyldu sinni samkvæmt 20. gr. lkpl. með viðunandi hætti. Samkvæmt þeim upplýsingum sem nefndin hefur aflað sér er ekki vaninn við slíkar skoðanir að leita sérstaklega eftir því hvort eitthvað sé í minni bifreiðarinnar ef ekkert ljós logar í mælaborðinu á þeim tíma. Er því ólíklegt að sjálfskiptingin hafi verið könnuð sérstaklega með þetta í huga þegar umrædd söluskoðun átti sér stað. Hins vegar er ljóst að svo hefði verið gert ef ljós hefði lifað í mælaborðinu á þeim tíma þegar skoðunin var gerð.

Kærufndin hefur í vinnslu málsins leitast við að fá greinarbetri upplýsingar um feril málsins dagana eftir kaup og fram að 17. ágúst 2011, þegar fyrsti reikningurinn er gerður af Z vegna bilunarinnar. Staðfestu verkstæðismenn við nefndina að álitsbeiðandi kom með bifreiðina til sín áður en reikningur var gerður hinn 17. ágúst. Að sögn verkstæðismanna er alvanalegt að fólk komi vegna logandi vélarljósa og er þá framkvæmdur tölvulestur og í kjölfarið slökkt á viðkomandi meldingu. Ástæðan fyrir þessari venju er sú að oftast er um tilfallandi meldingar að ræða sem ekki láta á sér bæra aftur. Því vilji verkstæðismenn ekki fara út í kostnaðarsama þjónustu fyrir fólk nema ljós kvikni að nýju, en þá verði fólk að snúa sér aftur til verkstæðisins hið fyrsta. Starfsmenn verkstæðisins sögðust ekki geta staðfest nákvæmlega hvenær álitsbeiðandi snéri sér til þeirra vegna ljóssins, en staðfestu þó að það hafi verið nokkru fyrir 17. ágúst og að ekki hafi verið gerður reikningur fyrir þjónustuna. Þá minnst verkstæðismenn þess að meldingin hafi verið skráð í minni bifreiðarinnar. Aðspurðir segja þeir ómögulegt að fullyrða með algerri

vissu að bilunin hafi verið til staðar áður en kaupsamningur var gerður, en tilfinning þeirra sé þó sú að svo hafi fremur verið heldur en ekki.

Með vísan í framangreinda umfjöllun, gögn málsins og atvik öll að baki ágreiningi aðila, telur kærunefndin yfir skynsamlegan vafa hafið að bilunin í sjálfskiptingunni hafi verið til staðar þegar kaupsamningur var gerður þann 25. júlí 2011. Ekkert bendir þó til að seljandi hafi verið grandsamur um bilunina og virðist því hafa komið fram í góðri trú í málinu. Þegar hins vegar er litið til eðlis bilunarinnar og kostnaðar við úrbætur telur kærunefndin óumflýjanlegt að álíta bifreiðina gallaða í skilningi c-liðar 1. mgr. 19. gr. lkpl. Að mati verkstæði Z eru yfirgnæfandi líkur á því að hægt sé að þrýstimæla skiptinguna til að finna ætlaðan leka og gera svo við í kjölfarið. Bilunin er sennilegast ekki orðin svo alvarleg að hún sé farin að skemma út frá sér og þess vegna líkur á að hægt sé að framkvæma slíka viðgerð, sem er líklega hagstæðari möguleiki en aðrir möguleikar, svo sem að skipta út skiptingunni. Er það mat þeirra sem kærunefndin hefur rætt við að viðgerðarkostnaður nemi að minnsta kosti kr. 100.000 og jafnvel talsvert meira. Með tilliti til alls þessa álítur kærunefndin að bifreiðin hafi verið í mun verra ástandi en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti og er því gölluð í skilningi c-liðar 1. mgr. 19. gr. lkpl.

Álitsbeiðandi krefst aðallega riftunar á kaupunum þar sem seljandi hafi hafnað úrbótum á gallanum. Kveður álitsbeiðandi kröfu um riftun „óumflýjanlega“ af þessum ástæðum. Í 1. mgr. 37. gr. lkpl. segir að ef úrbætur eða ný afhending koma ekki til álita eða ekki verður af þeim innan hæfilegs tíma frá því að kaupandi kvartaði yfir galla getur hann krafist afsláttar af kaupverði eða rift kaupunum samkvæmt ákvæðum 38. eða 39. gr. Segir svo í 1. mgr. 39. gr. að kaupandi geti rift kaupum ef meta má galla til verulegra vanefnda. Við mat á því hvað er veruleg vanefnd þarf að eiga sér stað ákveðið heildarmat þar sem meðal annars verður að líta til þess hvort unnt er að bæta úr gallanum eða ekki. Þegar gögn málsins og samskipti aðila á fyrri stigum eru skoðuð, má sjá að seljandi tekur fram að hann er ekki á þeim stigum að hafna alfarið ábyrgð heldur fremur að reyna að komast til botns í því hver ábyrgð hans er. Segist hann á einhverjum stigum vilja axla þá ábyrgð sem honum vera ber, en ekki annað. Kærunefndin lausafjár- og þjónustukaupa álítur að eins og mál þetta lítur út í heild sinni sé ekki tilefni til riftunar kaupsamningsins. Telur nefndin að nærtækara og eðlilegra sé að seljandi taki þátt í kostnaði við úrbætur á sjálfskiptingunni, enda hefur álitsbeiðandi tekið fram að hann sætti sig við það. Í þessu sambandi skiptir máli að bilunin í sjálfskiptingunni er ekki svo alvarleg að hún sé farin að skemma út frá sér og þar af leiðandi sennilega mögulegt að framkvæma úrbætur á hagstæðari máta en ella. Þegar svo fellur til er það mat nefndarinnar að riftun kaupsamnings sé of afdrífarikt vanefndaúrræði, auk þess sem rök standa til þess að báðir málsaðilar geti sæst á niðurstöðu um úrbætur.

Niðurstaða málsins er því sú að seljandi skuli taka þátt í greiðslu kostnaðar vegna viðgerða á bifreiðinni. Þykir nefndinni rétt að seljandi greiði álitsbeiðanda 70.000 kr. vegna þessa.

VI

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X 70.000 kr.

Áslaug Árnadóttir

Lárus M.K. Ólafsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir